

Reykholahreppur
Maríutröð 5
380 Reykhólum

Garðabær, 26. september 2024
Málsnúmer: 202408-0044
IAS

Efni: Breyting á Aðalskipulagi Reykhólahrepps 2022-2034, Króksfjarðarnes. Skipulags- og matlýsing.

Vísað er í erindi Reykhólahrepps, frá 29. ágúst sl. þar sem óskað er umsagnar Náttúrufræðistofnunar um lýsingu vegna breytingar á aðalskipulagi Reykhólahrepps 2022-2034 vegna Króksfjarðarnes og Geiradals. Fram kemur í greinargerð að breytingin gengur út á að móta stefnu um uppbyggingu atvinnustarfsemi og íbúðarbyggðar á svæðinu. Horft er til uppbyggingar ferðaþjónustu, s.s. hótélrekstrar í tengslum við móttökumiðstöð ferðamanna á Vestfjarðaleið og tækifæra sem felast í sjálfbærri nýtingu sjávarauðlinda og jarðhita.

Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér lýsinguna og er með eftirfarandi ábendingar.

Svæðið er utan verndarsvæða en liggur að Breiðafirði sem taka þarf tillit til. Breiðafjörður er verndaður með lögum nr. 54/1995 um vernd Breiðafjarðar og Breiðafjörður er einnig alþjóðlega mikilvægt fuglasvæði vegna sjófuglabýggða, fjara og grunnsævis. Breiðafjörður er þá ein af tillögum Náttúrufræðistofnunar á svæðum á framkvæmdaáætlun náttúruminjakrár og er svæðið tilnefnt vegna vistgerða, fugla og sela.

Jarðfræði svæðisins er einnig áhugaverð, forn megineldstöð er kennd við Króksfjörð og á svæðinu finnst ísúrt innskotsberg með óvenjulega efnasamsetningu og steindasamsetningu. Þá hafa steingervingar fundist á nokkrum stöðum, bæði skeljar og plöntuleifar.

Náttúrufræðistofnun er ekki með frekari ábendingar á þessu stigi málsins en áskilur sér rétt til athugasemda á síðari stigum málsins.

Virðingarfyllst,

Ingvar Atli Sigurðsson

Ingvar Atli Sigurðsson
jarðfræðingur

